

**Nd.**

**538. Nefndarálit**

[152. mál]

um frv. til laga um Fiskveiðasjóð Íslands.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur rætt frumvarp þetta á nokkrum fundum og fengið um það umsagnir frá Fiskveiðasjóði Íslands, Útvegsbanka Íslands, Landssambandi ísl. útvegs-  
manna, Landsbanka Íslands og Seðlabanka Íslands. Einnig barst nefndinni erindi  
frá Landssambandi iðnaðarmanna í sambandi við málið.

Nefndarmennirnir Jón Skaftason og Gísli Guðmundsson leggja til, að málinu  
verði vísað frá með rökstuddri dagskrá, en undirritaðir nefndarmenn leggja til, að  
það verði samþykkt með nokkrum breytingum, sem fluttar eru á þskj. 539.

Lúðvík Józefsson tekur fram, að hann sé samþykkur því, að frumvarpið nái  
fram að ganga, og að hann geti fallið á sumar brtt. meiri hlutans. Hins vegar mun  
hann bera fram fleiri brtt. og gera grein fyrir þeim í sérstöku nál.

Alþingi, 20. apríl 1966.

Birgir Finnsson,  
form., frsm.

Pétur Sigurðsson,  
fundaskr.

Sverrir Júlíusson.

Sigfús J. Johnsen.